

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni við störf sín á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til kjörinna fulltrúa.

Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa og varamenn, sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

2. gr.

Starfsskyldur

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og þeim ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa.

Þeim ber að hafa í heiðri ítrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins, ásamt því að gæta ávallt að grundvallarreglum góðrar stjórnsýslu, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar virðingu í ræðu, riti og framkomu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Ábyrgð á fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins.

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptavinum Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, nema að um sé að ræða óveruleg verðmæti og ekki sé hægt að líta á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

7. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir sveitarfélagið og leynt á að fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þrátt fyrir að kjörnir fulltrúar láti af störfum fyrir sveitarfélagið.

Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.

8. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá sveitarfélaginu sé í hvívetna fylgt góðri stjórnsýslu og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

9. gr.

Miðlun siðareglna

Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður.

10. gr.

Staðfesting og endurskoðun

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir.

Kjörnir fulltrúar skulu við upphaf hvers kjörtímabils undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og virði reglur og samþykktir Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Samþykkt á fundi Sveitastjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 18. október 2018

Sigfús J. Sigfússon
sveitarstjóri

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri